

Nd.

252. Frumvarp

til laga um ábyrgð rikissjóðs fyrir Samvinnufélag sjómanna á Stokkseyri til bátakaupa.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að ábyrgjast allt að 85 þús. kr. láni fyrir Samvinnufélag sjómanna á Stokkseyri, til kaupa á vélbátum, enda nemi lánið eigi meiru en $\frac{1}{3}$ af kaupverði bátanna fullbúinna til fiskveiða. Lánið skal tryggt með sjálfskuldarábyrgð félagsmanna, ábyrgð Stokkseyrarhrepps og fyrsta veðrétti í bátunum. Forstöðumaður og annar endurskoðandi félagsins skulu samþykktir af ríkisstjórninni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.